

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 69/2023

2023/EES/77/41

frá 17. mars 2023

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1174 frá 7. júlí 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 að því er varðar ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C (2022) 4638 frá 7. júlí 2022 um breytingu á framkvæmdarákvörðun C(2015) 8005 að því er varðar tiltekna ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Viðauka XIII. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66he (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998):

„– **32022 R 1174**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1174 frá 7. júlí 2022 (Stjtið. ESB L 183, 8.7. 2022, bls. 35).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66hf (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005):

„– **32022 D 4638**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2022) 4638 frá 7.7.2022.“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1174, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 183, 8.7.2022, bls. 35.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.